



**Ávarp
forseta Íslands
Höllu Tómasdóttur
á Upplýsingatæknimessu SKÝ**

7. febrúar 2025

Kæru gestir

Það er ánægjulegt að vera með ykkur hér í dag á UT-messunni sem hefur yfirskriftina „Þar sem allt tengist!“ Þessi viðburður gefur fólki svo sannarlega frábært tækifæri til að kynna sér töfrana sem geta falist í tækninni, sækja fyrirlestra, skiptast á hugmyndum og prófa nýjar lausnir.

Við erum nú að upplifa gríðarlega hraðar tækni framfarir og hvort sem við köllum þennan kafla í mannkynssögunni tæknibyltinguna, stafrænu byltinguna, gervigreindarbyltinguna eða eitthvað annað, þá er ljóst að tækni og gögn eru stór hluti af allri okkar tilveru og enginn einstaklingur, fyrirtæki eða þjóð kemst undan því að láta sig varða þær miklu umbreytingar sem þessari byltingu fylgja.

Eins og gildir um flestar byltingar, þá leggja þær grunn framfara, en þeim fylgja bæði góðir hlutir og slæmir. Líklega er það ein stærsta áskorun mannskyns þessi misserin að reyna að tryggja að tæknin þjóni mannkyninu en ekki öfugt. Að tæknin leysi vandamál en búi ekki til nýjar og erfiðari áskoranir.

Við Íslendingar stöndum okkur nokkuð vel í nýtingu upplýsingatækni í samanburði við aðrar þjóðir en lengi má gera betur. Sem þjóð, þá hljótum við að horfa til þess að beisla krafta tækninnar og gervigreindarinnar í þágu samfélagsins og gæta þess um leið að forðast þær hættur sem hún getur skapað. Það má nefna ótal dæmi um gagnsemi og möguleika þegar tækni og gervigreind eru annars vegar. Ég gæti nefnt fjarlækningar og fjarnám sem góð dæmi um bætt aðgengi margra að menntun og mikilvægri þjónustu. Og gervigreindin, nýtt til góðs, getur

sannarlega aðstoðað okkur við að leysa risastórar áskoranir, svo sem við lækningar og á sviði loftslags- og umhverfismála.

Við erum háð upplýsingatækninni og mikill meirihluti samskipta okkar fer nú í gegnum skjái og snjallforrit. Nýlega var til umræðu hvað mundi gerast ef sæstrengir til landsins rofnuðu og kom í ljós að mörg mikilvæg kerfi og tengsl mundu þá fara úr skorðum. Það hvílir ansi margt á tengingum okkar við Internetið og ekki gott til þess að vita að hakkarar og skæruliðar geti sums staðar stöðvað orkuver og samgöngutæki. Það er mikilvægt að hugsa um varnir við þessu sem hluta af öryggisstefnu Íslands og ýmislegt bendir til að þessi misserin þurfum við að vera sérlega vel vakandi fyrir slíkum fjölþáttaógnum. Verum meðvituð um að í nútímasamfélagi er ekki nóg að efla hefðbundna löggæslu, heldur verðum við líka að styðja við netvarnir og efla gagnaöryggi landsins.

Fyrir tæpri öld síðan var ein útvarpsstöð á Íslandi og ekkert sjónvarp, en nú höfum við öll snjallsíma í vasanum og hvert og eitt okkar getur í raun rekið eigin fjölmiðil og eigið fyrirtæki úr lófanum. Þessu hafa fylgt miklar framfarir en engin bylting er án áskorana. Í athyglissamfélaginu má segja að snjallsímar og samskiptamiðlar hafi heltekið okkur, ekki síst unga fólkið okkar. Rannsóknir sýna svo ekki verður um það deilt að þessi þróun hefur haft afar slæm áhrif á andlega heilsu ungs fólks með mikilli aukningu á kvíða, þunglyndi og einsemd. Ungt fólk fær yfir 230 tilkynningar í snjallsíma sína á dag samkvæmt rannsóknum Jonathan Haidt, og svo spyrjum við hvers vegna þau skortir sum athygli og eirð.

Við sem erum eldri erum litlu betri. Ýmsir ganga svo langt að kalla snjallsíma og samfélagsmiðla tóbak nútímans, og benda þar réttilega á að hér sé í reynd um nýja fíkn að ræða. Hönnuð til að halda athygli okkar svo meðalskjátími ungs fólks er nú orðinn 9 klukkutímar á dag, þar af 5 klukkutímar á samfélagsmiðlum. Þessi fíkn sem við virðumst ekki alveg vita hvernig við eigum að takast á við og stjórna, skaðar ekki bara andlega heilsu okkar, heldur líka getu okkar til að greina rétt frá röngu og eiga uppbyggilegt samtal um flókin mál.

Upplýsingaóreiðan sem nú ræður ríkjum hefur einnig afgerandi og alvarleg áhrif á þróun lýðræðis um allan heim. Þetta eru stór mál og við, sem viljum að upplýsingatækni og gervigreind þjóni mannkyninu en ekki öfugt, verðum að láta okkur þau varða. Til þess að upplýsingatæknin nýtist okkur sem best verðum við að skilja hana og vera tæknilæs. Þar spilar tungumálið líka mikilvægt hlutverk.

Höfum hugfast að okkur þykir vænt um íslenska tungu og viljum veg hennar sem mestan í stafrænum heimi nútímans. Það er áskorun fyrir okkar litla málsvæði að láta tungumálið halda í við tæknina, en við

skulum hafa gaman af þeirri áskorun! Leikum okkur með tungumálið og hagnýtum það.

Í vikunni tók ég þátt í ótrúlega skemmtilegu verkefni í Hlíðaskóla í samstarfi við breska sendiráðið hér. Þau eru búin að þýða yfir á íslensku leik sem kennir börnum æskilega hegðun, atferli og framkomu í stafrænum heimi, nokkuð sem við mættum reyndar öll tileinka okkur betur, óháð aldri. Leikurinn er stórsnjall og ég sá með eigin augum hversu jákvæð áhrif það hafði á börnin að nálgast viðfangsefnið í leik. Það er einstaklega gleðilegt þegar tæknin er nýtt til svo góðra og mikilvægra verka því öll viljum við að börnin okkar séu örugg á netinu.

Auðvitað eru alltaf einhver sem sjá ekkert nema óveðursský á himni þegar breytingar eiga sér stað en ég er ekki ein þeirra. Það hefur til dæmis iðulega verið þannig að þegar ný tækni ryður sér til rúms, þá höfum við gjarnan áhyggjur af fækkun starfa. Þetta var sagt þegar prentvélin kom og þetta er sannarlega sagt um gervigreindarbyltinguna. Ég sé þetta ekki sem stóru áhættuna þó gervigreindin muni vissulega gera mörg störf óþörf. Önnur störf munu koma í staðinn og í þessari byltingu býr tækifærið að við mannfólkið getum nýtt krafta okkar í vaxandi mæli til sköpunar og samskipta og leyft gervigreindinni að sjá um margt annað. En eigi svo að vera, þá getum við ekki bara horft með rósrauðum gleraugum til framtíðar, heldur verðum við einnig að tryggja að framþróunin verði á grunni góðra gilda og í heildina til gagns fyrir fólk, fyrirtæki og samfélag.

Ísraelski heimspekingurinn Yuval Noah Harari varaði í bók sinni „Homo Deus” við heimi þar sem forréttindafólk uppfærði sig í gegnum tæknina en skildi almenning eftir í duftinu. Það er varla eftirsóknarverð heimsmynd. Þetta var árið 2017 og Bill Gates benti þá á að slík framtíð væri ekki fyrirfram ákveðin. Í nýlegu viðtali við Bill Gates tekur hann undir nýjustu viðvaranir heimspekingsins sem segir að þrátt fyrir allar þessar upplýsingar, sem snúast í kringum okkur á ógnarhraða og færa okkur fram á veg, þá hefur mannkynið um leið aldrei verið nær því að tortíma sjálfu sér. Ekki skal ég segja til um forspárgildi þess, en ég vona að við fljóttum ekki sofandi að feigðarósi og þar berum við öll ábyrgð.

Ég bið ykkur kæru UT-messugestir að hafa í huga að fátt er verðmætara en innri friður og ró og sú tilfinning að við séum að ganga til góðs í okkar lífi og störfum. Nýtum tækni, upplýsingar og gervigreind til góðs, en leyfum ekki athyglissamfélaginu að ræna okkur athygli, eirð og mennsku. Gangi ykkur áfram vel.